



Reglugerð um heiðursviðurkenningar Golfsambands Íslands

1. gr. - Markmið

Golfhreyfingin á Íslandi vill sýna þeim sem unnið hafa frábær störf í hennar þágu þakklæti með því að veita þeim heiðursviðurkenningu.

2. gr. – Flokkar heiðursviðurkenninga

Stjórn Golfsambands Íslands (GSÍ) fyrir hönd golfhreyfingarinnar skal veita eftirfarandi heiðursviðurkenningar ef tilefni er til.

- a) Gullkross GSÍ
- b) Gullmerki GSÍ
- c) Silfurmerki GSÍ
- d) Heiðursskjal GSÍ
- e) Veggskjöldur GSÍ
- f) Sjálfbærnisverðlaun GSÍ
- g) Sjálfbóðaliði ársins
- h) Heiðursveitingar ÍSÍ
- i) Heiðurshöll ÍSÍ

3. gr. – Heiðursmerkjanefnd

Golfþing skipar Heiðursmerkjanefnd til tveggja ára. Nefndin skal skipuð fimm einstaklingum. Nefndin skal taka á móti tilnefningum til heiðursviðurkenninga samkvæmt 2. grein reglugerðar þessarar. Á grundvelli tilnefninga gerir nefndin tillögur til stjórnar GSÍ um veitingu heiðursviðurkenninga sem tekur endanlega ákvörðun. Nefndin getur að eigin frumkvæði gert tillögur um veitingu heiðursviðurkenninga. Það skulu a.m.k. þrjú aðilar úr nefndinni vera samþykkir tilnefningunni. Fundur nefndarinnar telst löglegur ef hann sitja eigi færri en fjórir úr nefndinni og til hans hefur verið boðað með viðhlítandi hætti. Framkvæmdastjóri GSÍ situr fundi nefndarinnar og skal hann rita fundargerðir.

4. gr. – Tilnefningar

Allir skráðir félagar í golfklúbbum innan golfhreyfingarinnar hafa heimild til þess að senda tilnefningar til nefndarinnar um veitingu heiðursviðurkenninga. Tilnefning til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð af einum eða fleiri aðilum. Í tilnefningunni skal tilgreina helstu störf viðkomandi fyrir golfhreyfinguna og hvað það er sem tilnefndur hafi gert til þess að vera veitt heiðursviðurkenning GSÍ.

5. gr. - Gullkross GSÍ

Gullkross GSÍ (a) er æðsta heiðursviðurkenning sem veitt er einstaklingi fyrir frábær störf í þágu golfhreyfingarinnar á Íslandi. Gullkross GSÍ er hægt að veita hvenær og hvar sem er að mati nefndarinnar á hverjum tíma. Nefndin skal gera tillögur til stjórnar GSÍ um veitingu Gullkross. Ekki mega fleiri en 10 lifandi einstaklingar bera Gullkrossinn hverju sinni. Upplýsingar um veitingu Gullkross GSÍ skal birta á vefsíðu GSÍ ásamt upplýsingum um æviferil heiðursþega og starfa þeirra innan golfhreyfingarinnar.

6. gr. - Gullmerki GSÍ

Gullmerki GSÍ (b) má veita einstaklingum sem innt hafa að hendi skipulags-, stjórnar- eða þjónustustörf fyrir golfhreyfinguna í 15 ár eða lengur. Þó getur nefndin tilnefnt einstakling um gullmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að 15 ára starfi sé náð. Gullmerki GSÍ skal veita á Golfþingi þó getur stjórn GSÍ valið annað tilefni ef þurfa þykir.

7. gr. – Silfurmerki GSÍ

Silfurmerki GSÍ (c) má veita einstaklingum sem unnið hafa gott og farsælt starf í þágu golfhreyfingarinnar í 10 ár eða lengur. Þó getur nefndin tilnefnt einstakling um silfurmerki ef sérstök ástæða þykir án þess að 10 ára starfi sé náð. Silfurmerki GSÍ skal veita á Golfþingi þó getur stjórn GSÍ valið annað tilefni ef þurfa þykir.

8. gr. – Heiðursskjal GSÍ

Heiðursskjal GSÍ (d) má veita einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, félagasamtökum og sveitarfélögum sem hafa skarað fram úr með stuðningi sínum við golfhreyfinguna.

9. grein - Veggskjöldur

Veggskjöld GSÍ (e) má veita golfklúbbum, héraðssamböndum, félögum, fyrirtækjum og öðrum aðilum við sérstök tækifæri þegar ástæða þykir til. Það skal ætíð veita þeim golfklúbbsi veggskjöld sem heldur „Íslandsmótið í golfi“ sem viðurkenningu fyrir mótahaldið.

11. gr. Sjálfbærniverðlaun GSÍ

Veita skal sjálfbærniverðlaun GSÍ árlega til golfklúbbs sem skarar fram úr á sviði sjálfbærni og hefur jákvæð áhrif á samfélagið með því að gæta að beinum og óbeinum umhverfis- og félagslegum áhrifum. Sá golfklúbbur sem verðlaunin hlýtur viðurkenninguna hverju sinni fær verðlaunagrip ásamt aðgengi að merki sjálfbærniverðlaun GSÍ. Við val á verðlaunahöfum skal litið til eftirfarandi þátta:

- a) Frumkvæði að sjálfbærni og ábyrgri landnýtingu.
- b) Framtíðarskipulag golfvallar.
- c) Ábyrgur rekstur.
- d) Umhverfissvottun.
- e) Áhersla á jafnréttissjónarmið.
- f) Umhverfissjónarmið við uppbyggingu og viðhaldi á vallarsvæðum.

- g) Fræðsla til kylfinga um umgengni á vallarsvæðum (rusl, dýralíf o.þ.h).
- h) Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.
- i) Afreksstefna.

11. gr. Sjálfbóðaliði ársins

Veita skal árlega viðurkenningu til einstaklings sem unnið hefur frábært sjálfbóðaliðastarf fyrir eigið félag eða golfhreyfinguna í heild.

12. gr. Heiðursveitingar ÍSÍ

Framkvæmdastjórn ÍSÍ veitir einstaklingum, félögum, félagasamtökum og bæjar og sveitarfélögum, viðurkenningar samkvæmt reglugerð um heiðursveitingar ÍSÍ. Nefndin gerir tillögu til stjórnar GSÍ um tilnefningar til ÍSÍ.

13. grein Heiðurshöll ÍSÍ

Meginmarkmið með Heiðurshöll ÍSÍ er að heiðra og kynna framúrskarandi afreksíþróttafólk og íþróttabjálfa og afrek þeirra. Einungis er þó hægt að tilnefna afreksíþróttafólk sem hefur lokið keppnisferli sínum í viðkomandi íþrótt fyrir a.m.k. fimm árum síðan. Nefndin gerir tillögur til stjórnar GSÍ sem tilnefnir fulltrúa golfhreyfingarinnar til setu í Heiðurshöll ÍSÍ til Heiðursráðs ÍSÍ. Framkvæmdastjórn ÍSÍ tekur ákvörðun um val einstaklinga í Heiðurshöll ÍSÍ samkvæmt reglu um Heiðurshöll ÍSÍ á hverjum tíma.

14. grein Afhending heiðursviðurkenninga

Forseti GSÍ skal að jafnaði afhenda heiðursviðurkenningar, en í fjarveru hans varaforseti eða framkvæmdastjóri GSÍ eða aðrir þeir sem stjórn GSÍ ákveður. Afhending heiðursviðurkenninga GSÍ skal almennt fara fram á Golfþingi eða á formannafundi. Stjórn GSÍ getur ákveðið annan stað og tíma ef sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

15. grein Birting upplýsinga um veitingu heiðursviðurkenninga

Skrifstofa GSÍ skal skrá allar heiðursviðurkenningar GSÍ í sérstaka skrá og birta á vef GSÍ á hverjum tíma.

16. grein Svipting heiðursviðurkenningar

Stjórn GSÍ getur svipt hvern þann sem hlotið hefur heiðursviðurkenningu GSÍ viðkomandi heiðursviðurkenningu ef hann síðar gerist sekur um misferli að mati stjórnar GSÍ.

Samþykkt af stjórn Golfsambands Íslands 2. september 2024. Fellir úr gildi reglur um heiðursviðurkenningar Golfsambands Íslands frá 8. maí 2014 og reglugerð um sjálfbærni-verðlaun Golfsambands Íslands frá 18. nóvember 2021